



Til:
Efni:
Upplýsingar:

Sigurður Jónsson <sigurdur.jonsson@efla.is>
Re: Breytingar á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps tillaga á vinnslustigi til umsagnar
Sent: 04-07-2019 14:19:24 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019060012, Bréfalyklar: 42-0
almennt

Tilvísun í mál: 2019060012

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts, dags. 12. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps ásamt umhverfisskýrslu. Um er að ræða staðsetningu á fuglaskoðunarhúsi á tveimur stöðum, breyta ákvæðum um fjölda frístundahúsa á landbúnaðarsvæðum og setja hverfisvernd á miðsvæði Vopnafjarðarkauptúns.

Fuglaskoðunarhús:

Náttúrufræðistofnun telur það vera gott framtak að koma upp fuglaskoðunarhúsum. Stofnunin vill benda á að vandasamt getur verið að velja fuglaskoðunarhúsi réttan stað. T.d. er mikilvægt að hægt sé að komast í húsið óséður frá þeim stað þar sem fuglar halda sig til að fæla þá ekki burt. Einnig vill stofnunin benda á að lítið er fjallað um fugla í umhverfismatinu t.d. hvaða fuglategundir er um að ræða á þeim stöðum sem taldir eru upp og á hvaða árstímum þær halda sig á svæðunum. Einnig vantar allt umfjöllun t.d. um fuglalíf í Skipshólma sem er nokkuð gróinn, er t.d. varp í hólmanum og þá hvort aukin umferð um hann geti truflað það fuglalíf sem fyrir er. Eins og kemur fram í umhverfismatinu þá er viss hættu á að gróður skemmist ef umferð um hólmann verður of mikil en þessu á að vera hægt að stýra og einnig umferð um hólman ákveðin tímabil ef þar er varp. Skipshólmi virðist það stór að ef rétt er á málum haldið ætti fuglaskoðunarhús ekki að valda miklu raski.

Frístundahús;

Náttúrufræðistofnun vill aðeins benda á að í umfjöllun um frístundahús er gert ráð fyrir allt að 3-7 frístundahúsum eftir stærð lögbýla. Hér er um að ræða nokkuð mörg hús og hlýtur því að þurfa deiliskipulag eins og um aðrar framkvæmdir. Í umfjöllun er einnig komið inn á grundvöll að skipulagsskilmálum t.d. er vikið að því að ný hús skulu nýta sömu heimreið og lögbýli og að ekki skuli fjölgja tengingum við þjóðveg. Hins vegar er ekki vikið að almennri náttúruvernd s.s. í tengslum við 61. gr. náttúruverndarlaga s.s. verndun votlendis eða jarðminja eða ábendingar um framandi ágengar plöntutegundir.

Engar athugasemdir eru gerðar við hverfisvernd á miðsvæði Vopnafjarðarkauptúns.

Almennar ábendingar:

Náttúrufræðistofnun vill benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig hún samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundi*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif þeirra m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúruvarn og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigurður Jónsson <sigurdur.jonsson@efla.is>

Dags: 06/12/2019 03:25:34 PM

Til: "'ust@ust.is'" <ust@ust.is>, Þuríður Elísa Harðardóttir <thuridur@minjastofnun.is>, Leifur Þorkelsson <leifur@haust.is>, "'vegagerdin@vegagerdin.is'" <vegagerdin@vegagerdin.is>, "'samgongustofa@samgongustofa.is'" <samgongustofa@samgongustofa.is>, "'fljotsdalsherad@fljotsdalsherad.is'" <fljotsdalsherad@fljotsdalsherad.is>, "'nordurthing@nordurthing.is'" <nordurthing@nordurthing.is>, "'langanesbyggd@langanesbyggd.is'" <langanesbyggd@langanesbyggd.is>, Skarphéðinn Smári Þórhallsson <svaedisskipulag@ssa.is>, "'skipulag@skipulag.is'" <skipulag@skipulag.is>, "'upplýsingar@ferdamalastofa.is'" <upplýsingar@ferdamalastofa.is>, "'ni@ni.is'" <ni@ni.is>

Efni: Breytingar á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps tillaga á vinnslustigi til umsagnar

Góðan daginn,

Meðfylgjandi er tillaga á vinnslustigi að breytingum á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps ásamt umhverfisskýrslu til umsagnar.

Óskað er eftir að umsagnir berist eigi síðar en 4. júlí 2019.

Kveðja

Sigurður Jónsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi Vopnafjarðarhrepps

[IMAGE]

sigurdur.jonsson@efla.is

Umhverfi og samgöngur

Byggingarverkfræðingur C.S.

[6656531](tel:6656531)

[4126531](tel:4126531)

<https://www.efla.is> / Hafnargata 28 /
710 Seyðisfjörður / +354 412 6531

[Disclaimer](#)